Nr. 7.
21.
maí.

# Boðskapur konungs

til

Alþingis.

**Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi i Slesvík, Holtsetalaodi, stórmæri, þjetimerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora konunglegu kveðju!

Vjer þökkum hjartanlega fyrir hinar góðu óskir til handa Oss og Vorri konunglegu ætt, er neðri deild alþingis hefur tjáð Oss i ávarpi til Vor, og Vjer metum mjög mikils hollustu þá, er þar og svo opt áður hefur komið fram við Oss af hálfu alþingis.

Vjer höfum mjög alvarlega hugleitt þingsályktanir þær, er báðar deildir alþingis hafa samþykkt og mælt er fram með í ávarpinu til Vor, þar er skorað er á stjórn Vora, að koma til leiðar mikilvægum breytingum á stjórnarfyrirkomulagi hinna sjerstöku islenzku mála, en Vjer höfum eigi sjeð Oss fært að taka þær til greina, og eru til þess þær ástæður, er ráðgjafi Vor fyrir Ísland mun skýra frá á öðrum stað.

Hinsvegar mun alþingi í ýmsum lagafrumvörpum, er nú verða fyrir það lögð, mega sjá vott um tilraunir Vorar og stjórnar Vorrar til þess í samvinnu við þingið að efla og vernda atvinnuvegi Íslands, bæta samgöngur þess og gæta heilbrigðis almennings og einstaklinga, og vinna þannig að framförum í þeim greinum, er mest um varðar fyrir landið nú um stundir.

Oss hefur verið það sönn ánægja að taka eptir þeim framförum, er orðið hafa þegar i þessum greinum á síðustu áratugum, og er það von Vor, að sá apturkippur, er hætt er við, að hinir skaðvænu jardskjálftar síðastliðið haust kunni að hafa í för með sjer fyrir þau svæði, er þeir gengu yfir, reynist skammvinnur.

Með innilegri ósk um, að starf alþingis verði landinu til hamingju og blessunar, heitum Vjer því hylli Vorri og konunglegri mildi.

*Ritað á Amalíuborg, 21. mai 1897.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*Rump.*

# Allerhøjeste Budskab

til

# Altinget.

Nr. 7.
21de
Maj.

**Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg.

Vor Kongelige Hilsen.

Vi bringe vor hjertelige Tak for de gode Ønsker for Os og Vort Kongelige Hus, der udtales i den Adresse, som Altingets nederste Afdeling har henvendt til Os, og Vi paaskønne i høj Grad den Hengivenhed for Os, som fra Altingets Side her og saa ofte er kommet til Orde.

De af begge Altingets Afdelinger vedtagne, i den Os tilsendte Adresse anbefalede, Beslutninger, hvori Vor Regering opfordres til at drage Omsorg for vidtrækkende Forandringer i den forfatningsmæssige Styrelse af de særlige islandske Anliggender, have været Genstand for Vor alvorligste Overvejelse, men Vi have af Grunde, for hvilke der ved Vor Minister for Island andetsteds vil blive gjort Rede, ikke set Os i Stand til at tage samme til Følge.

Derimod vil der om Vor og Vor Regerings Bestræbelser for, i Samarbejde med Altinget paa de Omraader, hvor det for Tiden særlig gælder for Island at vinde frem, at udvikle og værne Landets Næringsveje, dets Samfærdselsmidler, dets offentlige og private Sundhedspleje, findes Vidnesbyrd i en Række af Lovforslag, der ville blive Altinget forelagte.

Vi have med Glæde fulgt den Fremgang, der paa de nævnte Omraader allerede har betegnet de sidste Aartier, og det er Vort Haab, at den Standsning heri, der for de hjemsøgte Dele af Landet kunde befrygtes som Følge af de i afvigte Efteraar stedfundne ødelæggende Naturbegivenheder, kun vil have en forbigaaende Karakter.

Med det inderlige Ønske, at Altingets Gerning maa blive til Lykke og Velsignelse for Landet, forblive Vi Altinget i Kongelig Naade bevaagen.

Skrevet paa Amalienborg, den 21de Maj 1897.

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*Rump.*